

## 074/01 - Auður Ósk ÍS-811

Auður Ósk ÍS-811, strandar við Barða

### Auður Ósk ÍS-811

Skipaskr.nr.: 2316

Smíðaður: Hafnarfirði 1998 Plast

Stærð: 7,00 brl; 6,00 bt

Lengd: 9,04 m Breidd: 2,92 m Dýpt: 1,15 m

Vél: Cummins 184,00 kW Ágerð: 1998

Annað:

Földi skipverja: 2



Ljósan: Halldór Hreiðarsson

### Atvikalýsing

Um kl 04:00 hinn 8. ágúst 2001 hélt mb. Auður Ósk ÍS- 811 til veiða frá Flateyri út á mið sem eru u.p.b. 10 sml. VSV af Barða. Veður: NV 8 m/sek., skyggni ágætt.

Um kl. 16:00 var veiðum hætt og haldið áleiðis til Flateyrar. Við stjórn var skipstjórinn en eftir að gengið hafði verið frá á þilfari fór hásetinn til hvílu fram í lúkar og sofnaði.

Skipstjóri kvaðst hafa sofnað fljótlega eftir að haldið var af stað til hafnar og sofið í um klukkustund en vaknað við að báturinn tók niðri. Hann kvaðst þegar hafa slegið af vélinni og sett á fullt afl afturá. Við það losnaði báturinn og var hásetanum sem hafði vaknað við strandið falið að kanna skemmdir. Mb. Kristján IS-95 var síðan fenginn til að draga mb. Auði Ósk til hafnar á Flateyri.

### Við rannsókn kom fram

- að eftir um 9 klst. línuðrætti lauk var haldið til hafnar;
- að skipstjóri var búinn að vaka lengi;
- að stefni og fremsti hluti kjalar varð fyrir miklu höggi.

### Nefndarálit

Nefndin telur orsök strandsins vera þá að skipstjórinn hafi sofnað við stjórn bátsins og með atferli sínu ógnað öryggi skips, áhafnar og annarra sjófarenda. Ítrekar nefndin, í ljósi tíðra stranda smábáta af þessum orsökum, að menn endurskoði vinnufyrirkomulag um borð með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir óeðlilega langar stöður sem geti stefnt skipi, áhöfn og öðrum sjófarendum í hættu.